

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Svalbarðshreppi, N.-Þingeyjarsýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Svalbarðshrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Svalbarðshreppi. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar er í höndum þar til kjörinnar framkvæmdanefndar innan Kvenfélags Þistilfjarðar í Svalbarðshreppi. Framkvæmdanefndin eða einstakir meðlimir hennar eiga rétt á að sitja fundi hreppsnefndarinnar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpu á heimilum um stundarsakir, þegar veikindi, slys, barnsfæðingar eða eitthvað óvænt ber að höndum. Hjálpin skal veitt svo lengi sem framkvæmdanefndin telur nauðsynlegt, sé þess kostur.

#### 3. gr.

Framkvæmdanefndin skal ætíð leitast við að hafa konu til taks til heimilishjálpar. Ber nefndinni að ganga úr skugga um, að konur þær, sem ráðnar eru, séu hæfar til starfsins, og ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

#### 4. gr.

Framkvæmdanefndin getur leitað samninga um launakjör og hlunnindi hjálparstúlku, er að heimilishjálpu vinnur, en fullt gildi hafa þeir samningar þá fyrst, er hreppsnefndin hefur samþykkt þá.

Reikningar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitar-sjóðs.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir veitta aðstoð á heimilum að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Hreppsnefnd setur og nánari reglu um greiðslur, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta.

#### 6. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpu, greiðist að  $\frac{1}{2}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{2}{3}$  úr sveitarsjóði Svalbarðshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Svalbarðshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpu í viðlögum, til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

B 43